

Reykjavík, 12. október 2020
SFS2020050139
193. fundur
HG/adg/hig

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 8. október 2020

Þann 8. október 2020 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í 98,4% stöðugilda í leikskólum, 99,5% í grunnskólum og 98,1% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 22,5 grunnstöðugildi í leikskólum, 10,5 stöðugildi í grunnskólum og 5,9 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Vesturbær- Miðborg/Hlíðar	Samtals
Leikskóli	5,0	2,0	2,7	6,5	6,3	22,5
Grunnskóli	0	1	3	2,5	4	10,5
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	0	0,5	1	0,5	3,9	5,9
Fjöldi stm í fríst.starfi	0	1	2	1	6	10

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 8. október 2020

Í leikskóla á eftir að ráða í 22,5 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 52 stöðugildi 3. september 2020 og 35,7 stöðugildi 14. október 2019 sem er svipaður tími ársins og mæling á sér stað nú. Að auki á eftir að ráða í samtals 13,2 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf. Þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Ráðið hefur verið í 98,4% stöðugilda miðað við þann fjölda barna sem búið er að bjóða pláss samanborið við 98% þann 14. október 2019¹ og 97,8% þann 5. október 2018. Búið er að taka inn öll börn sem búið er að bjóða pláss.

¹ Í ár eru starfsstaðir spurðir um heildarfjölda stöðugilda sem ráða á í m.v. rekstrarleyfi og/eða fjölda barna. Á árunum á undan var sama hlutfall reiknað miðað við almennan fjölda stöðugilda þá mánuði sem nokkurn veginn var fullmannað.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 10,5 stöðugildi samanborið við 15,4 stöðugildi 3. september 2020. Ráðið hefur verið í 99,5% stöðugilda miðað við fulla mönnun, samanborið við 99% þann 14. október 2019 og 99% þann 5. október 2018.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 5,9 stöðugildi eða um 10 starfsmenn samanborðið við 15,5 stöðugildi eða 30 starfsmenn þann 3. september 2020. Ráðið hefur verið í 98,1% stöðugilda miðað við fulla mönnun samanborið við 95% þann 14. október 2019 og 89% þann 5. október 2018. Öllum börnum með virka umsókn hefur verið boðið pláss, samtals 4.414 börn. Engin skerðing er á þjónustunni.

Næsta úttekt verður gerð fimmtudaginn 5. nóvember 2020.

Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga, áhrif á þjónustu og samanburð við stöðu fyrri ára.


Leikskólar

	Aðstoðar- leikskólastj.	Deildarstj.	Leiksk.k. /leiðbeinandi	Sérkennslu- stj.	Úthlutuð sérkennsla	Samtals grunnstg.
Árbær/Grafarholt	0,0	0,0	3,0	0,0	2,0	5,0
Breiðholt	0,0	1,0	0,0	0,0	1,0	2,0
Grafarvogur/Kjalarnes	0,0	0,0	1,7	0,0	1,0	2,7
Laugardalur/Háaleiti	0,0	1,0	2,0	0,0	3,5	6,5
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	1,0	0,0	4,0	0,0	1,3	6,3
	1,0	2,0	10,7	0,0	8,8	22,5

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir hverfum og tegund starfa 8. okt. 2020.

	Afleysing v. undirbúnings	Veikinda- afleysing	Matráður í eldhúsi ef við á	Aðstoðarm. í eldhúsi ef við á	Önnur stöðugildi sem ráða þarf í
Árbær/Grafarholt	4,0	1,3	0,0	0,0	5,3
Breiðholt	1,0	0,0	0,0	0,0	1,0
Grafarvogur/Kjalarnes	0,9	0,0	0,0	0,0	0,9
Laugardalur/Háaleiti	2,0	1,0	0,0	0,0	3,0
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	2,0	1,0	0,0	0,0	3,0
	9,9	3,3	0,0	0,0	13,2

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem á eftir að ráða í eftir hverfum og tegund starfa 8. okt. 2020.




Graf 1 - Hlutfall stöðugilda í leikskólum sem ráðið hefur verið í eftir skólaárum.

Grunnskólar

	Kennarar	Mötu- neyti	Skóla- liðar	Stuðnings- fulltrúar	Skrif- stofa	Þroska- þjálfari	Millistj.	Alls
Árbær/Grafarholt	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Breiðholt	0,0	0,0	0,0	1,0	0,0	0,0	0,0	1,0
Grafarvogur/Kjalarnes	0,0	0,0	1,0	2,0	0,0	0,0	0,0	3,0
Laugardalur/Háaleiti	0,5	0,0	0,0	1,0	0,0	1,0	0,0	2,5
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	1,0	0,0	0,0	1,0	0,0	1,0	1,0	4,0
	1,5	0,0	1,0	5,0	0,0	2,0	1,0	10,5

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda í grunnskólum sem á eftir að ráða í eftir hverfum og tegund starfa 8. okt. 2020.




Graf 2 - Hlutfall stöðugilda í grunnskólum sem ráðið hefur verið í eftir skólaárum.

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna
Árbær/Grafarholt	0	0		
Breiðholt	0,5	1	0	0
Grafarvogur/Kjalarnes	1,0	2	0	0
Laugardalur/Háaleiti	0,5	1	0	0
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	3,4	5	0,5	1
	5,4	9	0,5	1

Tafla 3 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir hverfum 8. okt. 2020.



Graf 3 - Hlutfall stöðugilda í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem ráðið hefur verið í eftir skólaárum.

	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutavistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Árbær/Grafarholt	795	795	0	0	0,0%
Breiðholt	679	679	0	0	0,0%
Grafarvogur/Kjalarnes	684	684	0	0	0,0%
Laugardalur/Háaleiti	1.223	1.223	0	0	0,0%
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	1.033	1.033	1	0	0,0%
	4.414	4.414	1	0	0,0%

Tafla 4 - Fjöldi barna, samþykkra barna, hlutfall samþykktra í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum eftir hverfum 8. október 2020.